



SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI  
RÍKISINS

ALÞINGI ÍSLENDINGA  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

TILVÍSUN

ÞAGSETNING

SEP/eeg/04/0300

22.01.2004

**Efni: Umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um ársreikninga 427. mál.**

Skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur borist bréf Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar skattrannsóknarstjóra ríkisins um frumvarp til laga um breyting á lögum um ársreikninga, matsreglur, EES-reglur, 427. mál, þingskjal 593. Af því tilefni er Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis látin í té svohljóðandi:

**u m s ö g n :**


Skattrannsóknarstjóri ríkisins telur að fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga séu til bóta og muni auka samræmingu í framsetningu þeirra og gera þá þannig skýrari og að auðveldara verði að kynna sér efni þeirra. Er það vitaskuld hluthöfum mjög til hagsbóta en einnig öðrum aðilum.

Um athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins er bent á að ákaflega mikilvægt er að það sé ótvíræð skylda að upplýsa í skýringum með ársreikningi hvort fjármálagerningar séu metnir til gangverðs eður ei. Á stundum getur það verið full fyrirhafnarmikið að átta sig á hvort svo sé en orðalag 3. gr. frumvarpsins um breytingu á 37. gr. A og 37. gr. B á að tæma þetta álitamál.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir. Ekki er ástæða til að ætla annað en að fyrirhugaðar breytingar á ársreikningalögum, sem frumvarp þetta fjallar um, séu til batnaðar. Almennt séð er frá sjónarhóli skattframkvæmdar mikilvægt að ákvæði laga torveldi ekki aðgengi að upplýsingum og möguleikum á að sannreyna skattstofna.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins mælir með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

  
Skúli Eggert Þórðarson